



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 14. september 2026

MSS26080087

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um jafnréttisskimun á tillögu um breytt stjórnskipulag á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði

Á fundi borgarráðs þann 27. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

Í jafnréttisskimun um tillögu meirihlutans um breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem barst að fundi loknum, eftir að málið hafði verið afgreitt, kemur fram að um sé að ræða víðtækar skipulagsbreytingar í skóla- og frístundþjónustu og velferðarþjónustu sem snúi ekki að einstökum markhópum. Ljóst er að þessar breytingar snerta fjölmarga ólíka hópa með fjölbreytta félagslega stöðu. Hvernig varð niðurstaðan sú að þessar umfangsmiklu breytingar snúi ekki að einstaka markhópum? Hvernig fór skimunin fram með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. ágúst sl.

Svar við fyrirspurn:

Jafnréttisskimunin fólst m.a. í mati á því hvort tillagan hefði fyrirsjáanleg bein áhrif á jafna stöðu eða tækifæri tiltekinna hópa. Niðurstaðan var sú að tillagan tekur fyrst og fremst til innra skipulags, ábyrgðarskiptingar og stjórnunar þjónustunnar en felur ekki í sér breytingar á réttindum, aðgengi eða þjónustu til einstakra hópa borgarbúa. Tillagan beinist ekki sérstaklega að afmörkuðum hópi heldur að skipulagi þjónustunnar í heild. Við nánari útfærslu breytinganna verður áfram gætt að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum eftir því sem við á.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík